

**Ed.**

## **411. Frumvarp til laga**

um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Frá landbúnaðarnefnd.

### **1. gr.**

Ríkisstjórnin skal stofna sjóð, er nefnist klaksjóður og varið skal til þess að standast rekstur klakstöðva, sem reistar kunna að verða samkvæmt lögum þessum.

### **2. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta klaksjóðsgjald, er nemi 6 aurum á kg. af laxi, sem veiddur er hérlendis og seldur á innlendum eða erlendum markaði. Klaksjóðsgjald, ásamt 5000 króna tillagi úr ríkissjóði árlega í næstu fimm ár og tekjur af sölu laxaseiða frá klakstöðvum ríkisins, rennur í klaksjóð.

### **3. gr.**

Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa a. m. k. tvær klakstöðvar, og skal hvor eða hver stöð geta framleitt allt að 2,5 millj. laxaseiða. Skal allt að 10% af árlegri seiðaframleiðslu stöðvanna látið í ár þær og vötn, sem stofnveiðin er úr. Að jafnaði skulu seiðin látin í vötnin að rétttri tiltölu við stofnveiðina úr þeim.

### **4. gr.**

Vegna stofnveiða til klakstöðva þeirra, er ræðir um í 3. gr., skal ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu að einhverju leyti eða öllu:

- a. veiðiréttindi í Laxá í Kjósarsýslu og í Bugðu og Meðalfellsvatni í sömu sveit.
- b. veiðiréttindi í Laxá úr Mývatni og í Reykjadalssá í Þingeyjarsýslu.

Takist ekki hagkvæmir samningar, að dómi ríkisstjórnarinnar, um leigu á veiðiréttindum, er um ræðir í a- og b-lið, skal ríkisstjórninni heimilt að taka slík réttindi leigunámi um 10 ára skeið. Um framkvæmd leigunámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 1917, um framkvæmd eignarnáms.

5. gr.

Heimilt skal að veiða til klakstöðvanna á hvern þann hátt og á hverjum þeim tíma, sem henta þykir.

6. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að verja allt að 16000 kr. til byggingar og útbúnaðar klakstöðva þeirra, sem um er rætt í 3. gr. Rekstrarkostnaður klakstöðvanna greiðist úr klaksjóði. Nægi tekjur klaksjóðs eigi til, greiðist mismunurinn úr rikissjóði.

7. gr.

Klakstöðvar ríkisins skulu selja fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði fyrir eigi meira verð en 8 kr. þúsundið flutt í á þá, sem seiðin eru ætluð í. Heimilt er að selja öðrum en fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði frá klakstöðvum ríkisins. Landbúnaðarmálaráðherra setur reglugerð um starfrækslu klakstöðvanna og um sölu og flutning seiðanna.

8. gr.

Nú verða tekjur klaksjóðs meiri en svo, er þarf til þess að greiða rekstrarkostnað af klakstöðvum þeim, sem rætt er um í 3. gr., og skal þá verja tekjuafganginum til stofnunar nýrra klakstöðva og rekstrar þeirra.

9. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að setja reglugerð um innheimtu á gjaldi því, sem rætt er um í 2. gr.

10. gr.

Með brot gegn 2. gr. skal farið eftir almennum ákvæðum tolllaga. Fyrir brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal annars refsað með sekt, allt að kr. 1000.00, ef þyngri refsing liggur ekki við að öðrum lögum.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. um sama efni var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Þótt landbúnaðarnefnd flytji málið, þá hafa einstakir nefndarmenn óbundið atkvæði um einstök atriði frv.

Fyrir málinu verður gerð frekari grein í umræðum.